

XV. VIÐAUKI

SKRIFLEG SAMRÆMISYFIRLÝSING

1. Skrifleg yfirlýsing um samræmi við ákvæði tilskipunarinnar skal alltaf fylgja:
 - skemmtibátum og vera hluti af handbók eiganda (liður 2.5, I. viðauki),
 - búnaðinum sem um getur í II. viðauka.
2. Skriflega samræmisyfirlýsingin skal innihalda eftirfarandi ⁽¹⁾:
 - nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu⁽²⁾,
 - lýsingu á skemmtibátnum⁽³⁾ eða á búnaði hans⁽³⁾,
 - tilvísanir í viðeigandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í forskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við,
 - eftir því sem við á, tilvísun í vottorð um EB-gerðarprófun sem gefið er út af tilkynntum aðila,
 - eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans,
 - auðkenni einstaklings sem hefur umboð til að undirrita fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

⁽¹⁾ og vera samin á þeim tungumálum sem fjallað er um í lið 2.5 í I. viðauka.

⁽²⁾ firmanafn og fullt heimilisfang; viðurkenndur fulltrúi skal einnig tilgreina firmanafn og heimilisfang framleiðanda.

⁽³⁾ Lýsing á hlutaðeigandi vöru, gerð, raðnúmeri (ef við á).

25. febrúar 1997

Nr. 169

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6/1996 um útgáfu húsbréfa á árinu 1996
fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1.gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1., 2. og 3. flokk húsbréfa 1996. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í flokkunum, skal vera að hámarki 28.500 milljónir króna á árinu 1996 og 1997. Húsbréfin í hverjum flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B og C. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð 1.000.000,00 kr., í undirflokki B 100.000,00 kr., í undirflokki C 10.000,00 kr. Vextir í 1., 2. og 3. flokki 1996 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 15 ár, í 2. flokki 25 ár og í þriðja flokki 40 ár.

2.gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12 /1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. febrúar 1997.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.